

Morgunblaðið, 23.03.2024, síðu 98.
grein stærð: 1042.90 sm2
grein hæð: 38.85 sm

MYNDLIST

Snertir á sárum í samfélaginu

Borghildur Óskarsdóttir hefur í um sex áratugi unnið af staðfestu í listsköpun sinni. Yfirlitssýning á verkum hennar stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Ferillinn er fjölbreyttur og viðfangsefnin margvísleg, þar á meðal umhverfismál og áhrif stóriðju á náttúruna. Verk sem vekja til umhugsunar, segir sýningarstjórinn.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is



Borghildur við Skarðssel við Þjórsá, bæjartóftir forfeðra hennar og formæðra. Hún er í bol sem á stendur: Stoppum stíflurnar!"

Viðamikil yfirlitssýning á verkum Borghildar Óskarsdóttur stendur yfir á Kjarvalsstöðum, en ferill hennar spannar um sex áratugi. Listasafn Reykjavíkur hlaut árið 2021 Öndvegisstyrk Safnaráðs til að rannsaka hlut kvenna í íslenskri myndlist. Sýningin er önnur af þremur en á síðasta ári var sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Hildar Hákonardóttur.

Sýningin á verkum Borghildar hefur titilinn Aðgát og er afrakstur rannsóknarvinnu Aðalheiðar Lilju Guðmundsdóttur. „Sýningin er sett upp eftir tímabilum í merkum listferli Borghildar," segir Aðalheiður. „Hún hefur unnið af staðfestu í sex áratugi, gert fjölda verka í ýmsa miðla eins og leir, teikningu, málverk, texta, bókverk, ljósmyndun, vídeó, innsetningar og gjörninga og þannig mætti telja áfram enda var hún fljót að tileinka sér nýjar aðferðir og vinna úr hugmyndum á eigin forsendum. Leirinn gengur þó eins og þráður í gegnum feril hennar frá upphafi níunda áratugarins þótt enginn efniviður eða leið til framsetningar myndverks sé henni óviðkomandi. Ferillinn er því áhugaverður og fjölbreytileiki verkanna mun efalítið koma ýmsum á óvart."

Nýjasta verkið sem Borghildur gerði fyrir sýninguna er leir- og glerverk. „Þar mótar hún setningu úr meginhandriti Laxdælu, Möðruvallabók (frá um 1350): „og þótti sinn veg hvoru þeirra". Sögumaður lætur þessi orð falla þegar Kjartan Ólafsson, heitmaður Guðrúnu Ósvífursdóttur, neitar henni um að sigla með honum til Noregs. Karlhetjur Íslendingasagnanna sigla en konurnar sitja eftir heima hver sem vilji þeirra er. Þeim er meinuð för," segir Aðalheiður og bætir við: „Elsta verkið á sýningunni er Eggjasuða (1972), gjörningur sem felst í tilraunakenndri eldamennsku og voru hljóð og mynd tekin upp. Ósköp venjuleg heimilisverk kvenna á þeim tíma öðlast gagnrýna og háðska merkingu í verkinu. Borghildur sýndi það á samsýningu kvenna í Ásmundarsal en íslenskur listvettvangur var þá mjög karllægur og þurftu listakonur að skapa sér og verkum sínum rými með samstöðu og samvinnu."

Snertir á brýnum málum

„Borghildur vinnur ekki eingöngu með marga miðla heldur eru viðfangsefni hennar margslungin," segir Aðalheiður. „Hún hikar ekki við að fara inn á pólitísk mið og snerta á brýnum málum íslensks samfélags, sögu og menningu, allt frá viðkvæmri stöðu kvenna innan feðraveldis til brothættrar stöðu landsins sem við fengum í arf. Í verkum sínum hefur hún verið einkar lagin við að setja fingurinn á sár í samfélaginu sem hafa ekki gróið svo auðveldlega þótt reynt hafi verið að vefja þau umbúðum, breiða yfir og þagga, eins og þau sem skapast af valdbundinni mismunun kynja, hráslagalegum hrakningum fjölskyldna á milli bæja og útþurrkun menningararfleifðar í þágu stóriðnaðar. Sárin sem hún setur fingur á eru enn ógróin og þarfnast aðgátar, umönnunar og opinnar umfjöllunar til þess að samfélagið geti tekið farsæl skref inn í framtíðina."

Borghildi er annt um menningarsöguna og hefur í verkum sínum meðal annars unnið með sögu fjölskyldu sinnar aftur í ættir. „Ég tel það mjög frumlegt og hef ekki séð það áður gert innan myndlistar. Þar snertir hún á sárum; þeim sárum sem fylgja fátæktinni. En sagan sem hún segir er saga okkar flestra sem eigum rætur í þessu landi, það er saga almúgafólks sem þurfti að berjast fyrir lífsbrauðinu, en oft gripu mannanna lög inn í líf þessa fólks. Eiginmaður deyr, heimilið er leyst upp, allar eignir gerðar upp og börnum dreift um sveitir," segir Aðalheiður.

Af hverju fjallarðu um forfeður þína í verkum þínum? spyr blaðamaður Borghildi. Hún svarar: „Það kemur til af því að pabbi fór að sækjast eftir samveru með mér eftir að hann hætti í sinni launavinnu. Hann hafði áhuga á að fara á ýmsa þá staði sem tengdust æsku hans og ég keyrði hann á staðina og hann sagði mér frá. Foreldrar hans höfðu verið sett á sveitina og börnunum þá komið fyrir á hinum og þessum bæjum. Hann fæddist í Reykjavík, fyrsta barn foreldra sinna. Þau fluttu fljótlega á Álftanesið, ætluðu að gerast þar bændur, en réðu ekki við að borga leigu af jörðinni. Þá fóru þau til Hafnarfjarðar en enga vinnu var þar að fá og voru þá sett á sveitina í fæðingarhrepp föðurins, sem var Gaulverjabæjarhreppur. Sveitfesti mannsins réð en ekki konunnar. Börnin voru þá orðin sex, yngsta þriggja mánaða. Hann sagði mér sögur frá þessum tíma og á einhverjum tímapunkti hugsaði ég: Ég geri þetta að myndlist og finn mína leið til þess.



Hluti af Farteski: List – brothætt – höndluð með gát. 1993.

Fyrsta verkið sem ég gerði var þó um móðurfjölskyldu mína. Verkin um föðurfólkið annars vegar og móðurfólkið hins vegar undirstrika ólíkan bakgrunn föður míns og móður. Ég vann verkið Mynstur í móðurætt fyrir afmælissýningu Myndhöggvarafélagsins árið 2002 og ákvað að tileinka mömmu verkið. Ég vann með ljósmyndir, því mikið er til af bæði gömlum og nýjum ljósmyndum hjá móðurfólki mínu, heilu kassarnir. Afi minn og amma voru sæmilega stöndugir bændur á Stuðlum í Reyðarfirði og höfðu áhuga á þessum nýja miðli, ljósmyndinni, og létu þetta eftir sér. Það var lögð áherslu á að reglulega væri teknar myndir af einstaklingum, hópum og fjölskyldum og fengnir til þess lærðir ljósmyndarar."

Þenur út mörk myndlistarinnar

Aðalheiður segir Borghildi í verkum sínum vera að þenja út mörk myndlistarinnar á áhugaverðan hátt og bætir við. „Það markar ferilinn að eftir fyrstu einkasýninguna, árið 1983, er birt grein um listsköpun hennar í erlendu fagtímariti og í kjölfarið er henni boðið á alþjóðlegt keramik-symposium; gestavinnu-



Morgunblaðið, 23.03.2024, síðu 99.
grein stærð: 1006.99 sm2
grein hæð: 37.51 sm



Ljósmynd/Vilhjálmur Ólafsson



Borghildur Óskarsdóttir og Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir sýningarstjóri á yfirlitssýningu listakonunnar á Kjarvalsstöðum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg



Verkið Flæðisker, frá árinu 1998. Þegar myndin var tekin sást orðið „náttúra“ í flæðarmálinu en það er nú horfið vegna ágangs sjávar.

Morgunblaðið/Halldór Kolbeins

stofu í Tennessee í Bandaríkjunum. Upp frá því fer hún einu sinni til tvisvar á ári til útlanda og dvelur þrjár vikur til þrjá mánuði í gestavinnustofum aðallega í Kanada, Póllandi og á Norðurlöndunum. Hún fékk þar næði til að sinna sinni listsköpun og kynnast öðru listafólki. Í einni Kanadaferðinni, þar sem hún dvaldi á slóðum vesturfara, gerði hún stórt umhverfisverk sem er þar á safninu Markerville Creamery Museum og heitir Landneminn (1995), tileinkað íslenskum landnemum. Annað verk tileinkaði hún Stephani G. Stephanssyni.

Þarna byrjar menningararfleifð Íslendinga að koma inn í verk hennar. Það á til dæmis við um sýninguna Hverjir eru þessir Íslendingar? í Ásmundarsal árið 1997. Þar var að finna landvættina, fallega unna í leir og gler, í timburkössum tilbúnum til flutnings. Á einu af kassalokunum er tilvitnun í upphafsorð í þekktan kafla Heimsljóss, Halldórs Kiljans Laxness, skrifað eftir handriti hans. Hún tók einnig stafagerðina úr Grágásarhandriti frá því um 1250, elstu rituðu heimild um orðið „Íslendingur“ og umbreytti í leirform með glerstöfum. Í þessum verkum kann að felast svar hennar við spurningunni.“

Aðalheiður bætir við: „Borghildur gerði Minnisvarða um líf (1994) sem stendur í Fossvogskirkjugarði í Reykjavík. Hann er helgaður því lífi sem verður til í móðurkviði en slokknar við fósturlát. Hún hefur einnig gert nokkur umhverfisverk sem standa þar sem þeim var búinn staður eins og verkið Sumarhús (2000) við Rauðavatn en það felur í sér vísun í skáldsöguna Sjálfstætt fólk og verkið Flæðisker (1998) sem er í fjöru við enda Reykjavíkurflugvallar. Orðið „náttúra“ liggur þar í flæðarmálinu á milli hæstu og lægstu sjávarstöðu, gert úr stórum steyptum bókstöfum, en er nú horfið sjónum vegna ágangs sjávar. Verkið var hluti af sýningunni „Strandlengjan“ og var á vegum Myndhöggvarafélags Reykjavíkur. Hugsanlega lítur verkið dagsins ljós á ný í framtíðinni þegar Skerjafjarðarbyggð verður að veruleika og Strandlengjan endurgerð.“

Vinna á ákveðnum mörkum

Umhverfismál og áhrif stóriðju á náttúruna og menningarminjar eru ofarlega í huga Borghildar og endurspeglast það í verkum hennar. Meðal verka á sýningunni á Kjarvalsstöðum er Umhverfismat vegna Skarðsels við Þjórsá frá árinu 2016. Forfeður Borghildar byggðu bæinn Skarðssel á grösugum bökkum Þjórsár, þar sem tóftirnar stóðu enn 2016, en framkvæmdir vegna virkjunar hafa nú eyðilagt þessar fallegu minjar. „Þetta bæjarstæði hef ég upplifað á þrennan hátt,“ segir Borghildur. „Fyrst, þegar ég sá tóftirnar, var eins og þær hefðu verið ósnertar í hundrað ár, alveg dásamlegur staður úr alfaraleið. Svo kom ég nokkru seinna og þá voru fornleifafræðingar langt komnir með að vinna í tóftunum og rannsaka staðinn. Það var sérkennilegt fyrir mig að sjá það og upplýsandi og vinna fornleifafræðinganna var mjög falleg. Þegar ég kom svo í þriðja sinn var bóndinn búinn að fara með gröfu yfir og ýta öllu til og slétta. Það var sorglegt.“

Skarðsselstóftirnar eru hluti myndlistarverksins Þræðir á landi (2014), en verkið fjallar um sjö sögustaði á Rangárvöllum og í Landsveit, það er sögu forfeðra Borghildar.

„Borghildur tók saman sögu fólksins sem bjó á þessum stöðum, lét grafa á álplötur og líma á steyptar undirstöður, sem hún kallar sögutöflur. Í sögubrotunum kemur fram hvernig bújarðir eyðilögðust og almúgafólk hraktist undan svörtum sandinum frá miðhálendinu og vikrinum frá Heklu. Fólk sem hafði takmarkaða möguleika til að ráða sér sjálft og til að sjá sér og sínum farborða. Borghildur fékk leyfi hjá eigendum jarðanna til að koma töflunum fyrir við tóftir bæjanna. Einn bóndi neitaði henni þó um að fá að setja töflur við tóftir í hans landi, það er við Gamla-Skarðssel og Skarðssel við Þjórsá. Bóndinn óttaðist mótmæli vegna virkjanaframkvæmda og sagðist ekki vilja styggja Landsvirkjun. Þær töflur fóru því á vergang og eru nú hér á sýningunni,“ segir Aðalheiður. „Upphaf þessa söguþráðar er við tóftir Reynifells á Rangárvöllum. En ári eftir að Borghildur kom verki sínu þar fyrir var einhver annar ættliður af Reynifellsætt búinn að láta gera nákvæmlega eins töflu, með sinni ættartölu og setja við hlið Borghildar töflu. Það hvarflaði ekki að fólkinu að taflan þarna væri hluti listaverks.“

„Fólkið sagði við mig: „Það eru svona merkingar um allt land.“ Það er í sjálfu sér rétt. Ég geri mér grein fyrir að ég er að vinna á ákveðnum mörkum. Ég lít á þessar steintöflur sem listaverk en aðrir gera það kannski ekki. Mér finnst það áhugavert. En eftir þetta fannst mér samt rétt að taka mína töflu af þessum stað. Hún er hér á stéttinni við Kjarvalsstaði,“ útskýrir Borghildur.

Trúirðu því að listamenn geti haft áhrif með verkum sínum? spyr blaðamaður. „Já. Ég hlýt að trúa því,“ svarar Borghildur.